



SFÚ fréttir

Frá formanni: Betri afgreiðsla kvartana en vigtarmálin enn í ólestri

- TILMÆLI SAMKEPPNISEFTIRLITS TIL RÁÐHERRA UM ÚRBÆTUR Á SAMKEPPNIS-UMHVERFI OG VERÐMYNDUN Í SIÁVARÚTVEGI Hafa enn engu skilað



Eftir að Reiknistofa fiskmarkaðanna gerði kaupendum kleift að senda rafrænar kvartanir inn á vef þeirra hefur upplýsingaflæði á mörkuðum batnað til mikilla hagsbóta fyrir kaupendum.

Þetta byrjaði ekki vel í byrjun. fiskmarkaðir brugðust margir mjög hart við þessum kvörtunum, en eftir að menn áttuðu sig betur hvað þetta væri mikið nauðsyn að geta komið öllum kvörtunum í rafrænu formi til markaða var komið mjög gott upplýsingaflæði á milli kaupenda og seljenda og hægt að svara þeim á rafrænan hátt.

Þessar kvartanir fóru áður mest fram í síma og oft enduðu slík símtöl með leiðindum sem var engan veginn í lagi. Mér finnst og hef heyrt frá mínum félagsmönnum að þetta umhverfi hafi

Gagnrýni hefur áhrif

Í síðasta fréttabréfi var sett fram hörð og afdráttarlaus gagnrýni á fiskmarkaði vegna óskilvirkrar afgreiðslu þeirra á kvörtunum frá kaupendum. Kaupendur höfðu ítrekað lent í því að afli var vitlaust stærðar-flokkaður án þess að fiskmarkaðir tækju nægjanlega vel á kvörtunum, nokkuð sem veldur kaupendum tjóni þegar þeir kaupa upp í pantanir frá viðskiptavinum sínum.

Gagnrýnin vakti athygli og viðbrögð frá fiskmörkuðum, sem þótti að sér vegið. Það er ánægjulegt frá því að segja að fiskmarkaðir hafa tekið við sér og afgreiðsla þeirra á kvörtunum hefur tekið kipp upp á við.

Gagnrýni SFÚ hefur þannig haft góð áhrif.

gjörbreyst til batnaðar og get ég sjálfur tekið undir það, og þakka ég RSF mönnum fyrir þetta framtak. Gagnrýni okkar í síðasta fréttabréfi hefur greinilega haft góð áhrif.

Fiskmarkaðir hafa tekið sig á það er engin spurning, en það eru alltaf svartir sauðir í hjörðinni sem fer ört fækkandi sem betur fer og það vill engin vera í þeim hópi.

Það sem stendur mest útaf í þessum samskiptum milli seljenda og kaupenda í dag er vigt á seldan og afgreiddan fisk. Í þeim efnum standa fiskmarkaðir frammi fyrir miklum vanda hvað það varðar að geta skaffað rétta söluvigt.

Framhald á bls. 3

ÁRNI BJARNASON, FORMAÐUR FFSÍ - VERÐMYNDUNARMÁL Í SJÁVARÚTVEGI



Öll verðmyndun sjávarfangs þarfnast endurskoðunar. Hlutverk fiskmarkaða þarf að endurskilgreina með afgerandi hætti.

Þótt e.t.v. þyki öfugsnúið að þurfa skuli eftirlitsstofnun á borð við Verðlagstofu Skiptaverðs, til að fylgjast með því að sjómönnum sé greitt það verð sem þeim ber, þá blasir við að slík starfsemi er nauðsynleg meðan við búum við það fyrirkomulag sem lög kveða á um. Meðan ekki verða breytingar varðandi forsendur og lagaumhverfi verðlagsmála þarf að skerpa á þeim lögum sem stofan vinnur eftir þannig að hún geti fortakslaust kallað eftir öllum þeim gögnum sem hún telur þörf á við rannsókn mála. Þetta þýðir að opinber stofnun eins og Verðlagsstofa

þarfnast mannafla og fjármagns til að geta á fullnægjandi hátt sinnt sínu hlutverki, en um þessar mundir er alls óráðið hvort fjárveiting fáist til að halda í horfinu, hvað þá til þess að efla starfsemina.

Að mínu mati hlýtur framtíðarlausn þessa máls að felast í því að á Íslandi gildi eitt verðmyndunarkerfi fyrir alla sem landa ferskum fiski. Mismunun milli aðila á þessu sviði leiðir aldrei til þess sem allir ættu að stefna að en það er sátt og friður um þennan lykilþátt í kjörum íslenskra fiskimanna. Þeir sem hafa yfir veiðiheimildum að ráða eiga að sjálfsögðu hafa ráðstöfunarrétt yfir sínum heimildum, en krafa okkar er sú að þeim beri að greiða markaðsverð fyrir þann fisk sem þeir taka til eigin vinnslu.



GUÐMUNDUR RAGNARSSON, FORMAÐUR VM - ALLAN FISK Á MARKAÐ

Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmáttækimanna, sagði í samtali við SFÚ fréttir að það væri skýr krafa félagsins að allur fiskur fari á markað. Mjög mikilvægt sé að tvöföld verðmyndun verði afnumin í íslenskum sjávarútvegi.



Guðmundur sagði sitt félag vera með opna samninga og verðlagsmálin væru eitt helsta vandamálið í samningum þar sem tvöfalda verðmyndunin kæmi mjög illa niður á áhöfnum þeirra skipa, sem notast við skiptaverð verðlagsstofu í stað þess að selja á markaði þannig að markaðsverð ráði skiptahlut.

UM SFÚ

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ voru stofnuð 1994 en hétu í upphafi Samtök fiskvinnslu án útgerðar. Félagar í SFÚ eru stærstu samtök landsins í fiskvinnslu sem kaupa hráefni sitt í umhverfi frjálsrar verðmyndunar.

UPPLÝSINGAR

Vefsíða: www.sfu.is
 Netföng: sfu@sfu.is
olafur@sfu.is
 Facebook: www.facebook.com/sfu.is
 Sími Ólafs Arnarsonar: 615-4763
 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ólafur Arnarson

FRÁ FORMANNI - FRAMHALD AF FORSÍÐU

Ef við skoðum þetta aðeins nánar þá er óhætt að fullyrða að þegar dagróðrabátur kemur að landi er yfirleitt búið að selja fiskinn. Þá þarf að koma fiskinum strax uppí bíl til að kaupandi geti fengið hann í vinnslu strax næsta dag. Mest er stuðst við 3% reglu vigtunar sem engan veginn dekkar þann ís og vatn sem þessum fiski fylgir og gerðar eru miklar kröfur um kælingu og frágang svo þessi fiskur komist á kröfuhæsta markað hverju sinni.

Þessi fiskur hefði þurft að fara í endurvigtun til að geta skaffað rétta vigt, þarna er pottur mjög brotinn í kerfinu – nokkuð sem þarf að laga. Afli stærri báta sem eru 1-3 daga úti fer svo til allur í endurvigtun svo þar er ekki þessi vandi.

Hið opinbera þarf að lagfæra þetta vigtunarumhverfi. Það er ekki hægt að hafa þetta svona áfram ekki gengur upp að starfandi fiskmarkaðir sem uppfylla öll lagaleg skilyrði geti ekki skaffað rétta vigt við sölu sinna afurða.

Ráðuneytið verður að bregðast strax við þessu svo ekki komi til málaferla. Fiskmarkaði sem selur ákveðna vigt ber að skaffa hana rétta.

Fiskmarkaður Íslands sendi kaupendum kaldar kvæðjur í byrjun árs. Nýtt kaupendagjald upp á 0,65% er óskiljanleg og órökstudd hækkun, sem kemur ofan á hækkun afgreiðslugjalds, sem hækkar úr 1,34 í 2,20 kr. Þarna fór FMÍ yfir strikið. Vonast ég að stjórn FMÍ skoði þetta mál af fullri alvöru.

Eins og fram hefur komið að undanförunu höfum við gert alvarlegar athugasemdir við stærstu útgerðarvinnslunnar sem hafa komið mjög sterkar

inn á fiskmarkaðinn og tekið þar gríðarlega mikið magn þegar þær koma inn. Verðið sem þær greiða er svo langt umfram það kílóverð sem þeir greiða til sinna eigin sjómanna og oft og tíðum er þetta í engu samhengi við verð á erlendum mörkuðum sem

gerir þetta miklu hættulegra en markaðslögmálið segir til um. Þarna er verið að nota fjármuni úr öðrum deildum fyrirtækjanna eða á kostnað sjómanna fyrirtækjanna. Þeir hljóta að fara að átta sig á hvaða villubraut þeir eru á.

Við höfum tekið ákvörðun innan SFÚ að kæra þetta athæfi til

samkeppnisyfirvalda og munum leita allra ráða til þess að fá þessu hnekk, þar sem þetta stenst ekki eðlilega viðskiptahætti og það er alls ekki hollt fyrir fiskmarkaðina að fá inn í nokkra daga í senn svona sterka aðila, sem kaupa ekki að staðaldri. Þetta getur þrýst virkum kaupendum á markaði frá upphafi í bein viðskipti, sem aftur getur getur stórskadað fiskmarkaði á Íslandi. Ráðherra verður að skoða þau tilmæli sem samkeppnisyfirvöld sendu honum um samkeppnisumhverfi og verðmyndun sjávarafli í tengslum við úrskurð í erindi SFÚ árið 2012. Enn hefur ekkert verið aðhafst þrátt fyrir skýrar ábendingar Samkeppniseftirlitsins.

Við í SFÚ munum standa vaktina hvað varðar okkar félagsmenn en okkur finnst skrytið að ekkert heyrir í Samtökum Fiskvinnslustöðva.

Jón Steinn Elíasson
Formaður SFÚ

BJÖRG ÁSTA ÞÓRÐARDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR FA: VERÐHÆKKANIR FMÍ

Verðlagsmál hafa mikið verið í umræðunni síðastliðnar vikur og þá sérstaklega með hliðsjón af efnahags- og neytenda sjónarmiðum. Þegar sú umræða stóð sem hæst ákvað stærsti fiskmarkaðurinn hérlendis, Fiskmarkaður Íslands (FMÍ),



að hækka gjaldskrá sína umtalsvert. Sú aðgerð fól í sér annars vegar almenna hækkun á þjónustuliðum FMÍ, sem féll jafnt á kaupendur og seljendur. Hins vegar ákvað FMÍ að færa greiðslubyrði seljenda að miklu leyti yfir á kaupendur með því að lækka sölupóknun um 50% en á Framhald á bls. 5

HÓLMGEIR JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÓMANNASAMBANDS ÍSLANDS:

ÓEÐLILEG VERÐMYNDUN Á FISKI ÞEGAR KAUPANDI OG SELJANDI ER SAMI AÐILINN

Á undanförunum mánuðum hafa verið stöðugar fréttir um fjöldauppsagnir meðal sjómanna. Verið er að breyta frystiskipum í ísfiskskip, rekstri frystitogaraútgerða hætt og í einhverjum tilvikum hafa minni útgerðir verið að hætta rekstri. Ástæðan er oftast sögð óhófleg álagning veiðigjalda á útgerðina. Vissulega er óhófleg álagning veiðigjalda næg ástæða til að menn hætti rekstri útgerðarfyrirtækja, en fleira kemur einnig til. Útgerðir þeirra frystiskipa sem snúið hafa frá sjófrystingu yfir í landvinnslu reka jafnframt fiskvinnslu í landi og veiðiheimildir þeirra sem hætt hafa útgerð fara í flestum tilvikum til útgerðarfyrirtækja sem jafnframt reka fiskvinnslu. Verðlagning á fiski til fiskvinnslu í eigu útgerðarinnar er með þeim hætti að það er hagur fyrir fyrirtækið í heild að kaupa eigin afla þar sem greiða þarf í þeim tilvikum mun lægra verð fyrir fiskinn en ef hann væri keyptur á eðlilegu verði t.d. á fiskmarkaði.

Allt frá því fiskmarkaðir hófu starfsemi hér á landi árið 1987 hafa samtök sjómanna barist fyrir eðlilegri verðmyndun á fiski upp úr skipi þegar útgerð og vinnsla er á sömu hendi. Mörg verkföll sjómanna má rekja beint til deilna um eðlilega verðmyndun á fiski enda er fiskverðið ráðandi þáttur í launakjörum sjómanna. Því miður hefur samtökum sjómanna lítið orðið ágengt í þessari baráttu enda hafa stjórnvöld idulega gripið inn í deilurnar með lagasetningu. Í þeirri lagasetningu hafa sjónarmið fulltrúa sjómanna varðandi þennan þátt alltaf orðið undir. Síðasta verkfall sjómanna um fiskverðið var árið 2001 og var það verkfall stöðvað með lagasetningu og settur á nokkurs konar gerðardómur til að leysa úr deilumálinu. Fiskverð þegar útgerð kaupir afla af eigin skipum er nú ákveðið á grundvelli þeirrar breytingar á kjarasamningi sjómanna

sem gerðardómurinn gerði á samningnum í kjölfar lagasetningarinnar árið 2001.

Í stuttu máli er málum þannig fyrir komið að áhöfn og útgerð eiga að semja sín í milli um það fiskverð sem aflahlutir skulu miðast við. Til viðbótar voru sett ákvæði um viðmiðunarverð fyrir þorsk, ýsu og karfa. Viðmiðunarverðin sem



gerðardómurinn setti fyrir þessar tegundir eru því miður langt undir eðlilegu markaðsverði. Í reynd má segja að samningar um fiskverð fari ekki fram, heldur er fiskverðið einhliða ákveðið af útgerðinni og skipverjum nánast tilkynnt að þetta sé verðið sem útgerðin ætli að greiða. Í þeim tegundum sem viðmiðunarverð gildir er viðmiðunarverðið greitt enda er það verð langt undir eðlilegu markaðsverði. Það sjá auðvitað allir sem vilja sjá að eðlilegar samningaviðræður um fiskverð geta aldrei farið fram milli útgerðar og sjómanna. Útgerðin hefur allar upplýsingarnar sem þarf til samningsgerðarinnar og hún upplýsir sjómennina aðeins um það sem passar hverju sinni. Leikurinn í samningaferlinu er því afar ójafn svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Nú hafa kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna verið lausir í rúm 3 ár. Helsta krafa samtaka sjómanna eins og oft áður er að verðmyndun á sjávarafli verði með eðlilegum hætti. Samtök sjómanna eru ekki mótfallin því að útgerð geti

keypt afla eigin skipa. Hins vegar er það álit samtaka sjómanna að eðlilegt fyrirkomulag þessara mála sé að útgerðir sem kaupa afla eigin skipa greiði markaðsverð fyrir fiskinn. Nú er það þannig að ekki eru allar fisktegundir seldar á fiskmarkaði. Á þetta sérstaklega við varðandi uppsjávarfiskinn. Varðandi þær fisktegundir sem alla jafna eru ekki seldar á fiskmarkaði þarf að leysa málið með öðrum hætti. Vissulega er til lausn á því vandamáli ef vilji er fyrir hendi. Hins vegar er framtíðarsýnin sú að þegar fram líða stundir verði allar fisktegundir seldar á fiskmarkaði, líka uppsjávartegundir.

Verðmyndunarkerfið fyrir sjávarfang er ónýtt og er það lífsspursmál fyrir alla, ekki bara sjómenn, að ásættanleg lausn finnist varðandi þetta eilífa deilumál. Eðlileg verðmyndun á fiski snýr ekki eingöngu að sjómönnum þó verðmyndunin skipti þá öllu máli varðandi kaup og kjör. Málið snýr einnig að fiskvinnslum sem ekki eiga skip og eru því háðar háefnisöflun á fiskmörkuðunum. Eðlilegt er og ekki síður réttlætismál að þessar fiskvinnslur fái hráefni til vinnslunnar á sömu kjörum og þær fiskvinnslur sem jafnframt gera út skip. Eitt atriði til viðbótar má nefna. Hafnargjöld miðast við fiskverð. Það eru því einnig hagsmunir sveitarfélaga sem reka hafnir að verðmyndunin á fiskinum sé eðlileg.

Mörg orð væri hægt að hafa um hve vitlaust þetta verðmyndunarkerfi fyrir sjávarfang er og væri hægt að sýna mörg dæmi um það. Ég læt þetta hins vegar nægja í bili enda á þessum fáu orðum sem hér hafa verið skrifuð um málið að vera ljóst að kerfið eins og það er í dag fær ekki staðist m.t.t. laga og reglna um eðlilega samkeppni og heilbrigða viðskiptahætti.

FUNDUR SFÚ MEÐ ATVINNUVEGANEFND 28. JANÚAR 2014

Eins og sjá má á titlinum hér að ofan þá var fulltrúum SFÚ boðið á fund Atvinnuveganefndar Alþingis í lok janúar. Umfjöllunarefni skyldi vera staðan í sjávarútveginum. Fundurinn var opinn fréttamönnum og var það vel þar sem almenn umræða um atvinnumál á heima í fjölmiðlum. Á fundinum mátti sjá fréttafólk bæði frá RÚV og Fréttablaðinu og kunnum við hjá SFÚ þeim bestu þakkir fyrir góða og nákvæma umfjöllun um þau málefni sem SFÚ bar upp á fundinum.

Fyrir hönd SFÚ mættu á fundinn Ólafur Arnarson framkvæmdastjóri SFÚ og Albert Svavarsson stjórnarmaður í SFÚ. Var þeim veittur rúmur tími af nefndinni til að reifa helstu og heitustu mál SFÚ. Í byrjun fóru þeir í stuttu máli yfir helsta baráttumál SFÚ til aldarfjórðungs sem er verðmyndun á fiski (hráefni) en hún hefur verið algerlega óásættanleg að mati SFÚ í allan þann tíma. Röktu þeir nauðsyn þess að tvöföld

verðmyndun yrði aflögð og markaðsverð yrði látið gilda um öll viðskipti með fisk. Einnig að út frá samkeppnisjónarmiðum gætu stjórnvöld ekki endalaust skautað fram hjá þessu máli og



tilgreindu máli sínu til stuðnings álit Samkeppniseftirlitsins frá 19. nóvember 2012. Er það birt orðrétt hér í þessu fréttabréfi (sjá bls. 6). Álitinu var beint til atvinnuvegaráhherra (sjávarútvegsráðherra) og er honum sem og alþingismönnum skylt að hafa það sem leiðarvísi þegar hann leggur fram frumvarp eða tillögur að úrbótum á þessu máli.

Því næst gerðu þeir nefndinni grein fyrir afleiðingum sem smá saman hafa verið að koma fram

vegna þessa misvægis. Stærstu útgerðarvinnslur landsins sækja stífar og stífar með hverju misserinu inn á íslenska fiskmarkaði eftir hráefni. Þær yfirbjóða þar fisk þegar þær þurfa og erfitt er fyrir þá sem reida sig algerlega á hráefnisöflun á fiskmarkaði að keppa við þau inngríp. Er nú svo komið að þessi inngríp eru orðin mun fleiri daga en ekki. Tekið var sem dæmi um að daginn fyrir fundinn eða þann 27. janúar var um þriðjungur af öllum þorski, ýsu og ufsa seldur þessum

útgerðarvinnslum. Verðin þann dag á fiskmarkaði voru um 290 kr. fyrir þorsk, um 330 kr. fyrir ýsu og um 200 kr. fyrir ufsa. Allt eru þetta verð sem eru langtum hærra en þau verð sem ganga undir nafninu lágmarksverð Verðlagsstofu skiptaverðs eða sem munar nærri 100 kr á kg. Því er svo komið nú að þau fyrirtæki sem hafa ekki útgerð og byggt hafa sína hráefnisöflun á frjálsum markaði eru komin í mjög þrönga stöðu með sinn rekstur og ljóst að haldi þessi þróun áfram þá muni þau leggja upp laupana.

VERÐHÆKKANIR FMÍ - FRAMHALD AF BLS. 3

móti hækka afgreiðslugjald kaupenda um 60%, sem og bæta við sérstöku kaupendagjaldi sem nemur 0,65% af aflaverðmæti.

Það má öllum vera ljóst að hækkanir FMÍ á kaupendur eru umtalsverðar og eru þær aðeins framkvæmanlegar af einni ástæðu. FMÍ er í markaðsráðandi stöðu. FMÍ hefur með þessum aðgerðum gengið verulega á hagsmuni kaupenda, sem þurfa nú að greiða töluvert hærri

þjónustugjöld en tíðkast á öðrum fiskmörkuðum. Sjái aðrir fiskmarkaðir sig knúna til að fylgja fordæmi FMÍ er ljóst að tjón kaupenda af þessum aðgerðum mun hlaupa á nokkrum hundruðum milljóna króna.

SFÚ hefur gert við þetta alvarlegar athugasemdir, bæði við FMÍ og ráðherra, enda er aðgerðin að mati félagsins í andstöðu við samkeppnislög. SFÚ hefur barist fyrir aukinni samkeppni á fisk-

mörkuðum og er þessi aðgerð til þess fallin að skaða þá samkeppni. Aðrir fiskmarkaðir hafa verið hvattir til að feta ekki í fótspor FMÍ enda gæti slíkt grafið undan rekstrargrundvelli fiskmarkaða í heild þar sem kaupendur sjá sig knúna til að sniðganga fiskmarkaði og hefja milliliðalaus viðskipti við seljendur. Slík þróun væri hins vegar bagaleg og því mikilvægt að yfirvöld grípi inn í umrædda atburðarrás sem fyrst.

TILMÆLI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA - KAFLI V. Í ÁLITI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS NR. 2/2012

V.

Tilmæli til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Í samræmi við framangreinda umfjöllun vill Samkeppniseftirlitið benda atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og öðrum stjórnvöldum á að það kunnist að vera hvatar hjá lóðrétt samþættum útgerðarfyrirtækjum sem valda því að þau gefa upp sem lægst verð í innri viðskiptum milli vinnslu- og útgerðarluta fyrirtækjanna. Með því geta lóðrétt samþætt útgerðarfyrirtæki sem stunda bæði veiðar og vinnslu dregið úr gjaldtöku ríkisins og annarra opinberra aðila af rekstrinum og lækkað launakostnað sinn. Þegar litið er til gjaldtöku ríkisins og launakostnaðar vegna veiða og vinnslu annars vegar hjá lóðrétt samþættri útgerð og hins vegar hjá tveimur ótengdum fyrirtækjum, þ.e. ósamþættri útgerð og fiskvinnslu, er gjaldtakan og launakostnaðurinn líklegur til að vera hærri hjá þeim síðarnefndu. Þessi möguleiki getur leitt til þess að samkeppnisstaða útgerðar sem ekki stundar fiskvinnslu og fiskvinnslu sem ekki stundar jafnframt veiðar á sjávarafli veikist gagnvart lóðrétt samþættum útgerðum sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Þá telur Samkeppniseftirlitið að aðstaðan sem að framan er lýst sé einnig til þess fallin að minni sjávarafli fari um fiskmarkaði landsins en ella. Þar með kunnist slík verðlagning að leiða til þess að framboð á fiskmörkuðum verði minna og verðmyndun á þeim ekki jafn skilvirk.

Hér ber að hafa í huga það forskot sem fiskvinnslur sem starfa í tengslum við útgerð njóta varðandi aðgang að hráefni í samanburði við fiskvinnslur án útgerðar. Vísast um þetta til álits samkeppnisráðs nr. 6/1996 og skýrslu Hagfræðistofnunar frá febrúar 2011 um kosti þess og galla að aðskilja fjárhagslega fiskveiðar og vinnslu

sjávarútvegsfyrirtækja. Af þessu og öðrum þáttum leiðir að fiskvinnslur án útgerðar eru háðar fiskmörkuðum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2008 var komist að þeirri niðurstöðu að sala á fiski á fiskmörkuðum tilheyrði sérstökum samkeppnismarkaði. Í málinu leiddi rannsókn Samkeppniseftirlitsins í ljós að flestir fiskkaupendur, sem ekki tengjast útgerð, verði að eiga viðskipti við fiskmarkaði til að tryggja sér hráefni reglulega og þ.a.l. stöðugleika í rekstri. Fyrir þessa aðila er það ekki valkostur að treysta alfarið á bein viðskipti við útgerðir. Var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sbr. mál nr. 8/2008 Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu.

Af framangreindu leiðir að kerfi sem skapar hvata til þess að minni sjávarafli fari um fiskmarkaði getur gert samkeppnisstöðu fiskvinnslu án útgerðar enn torveldari.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru að minnsta kosti fjórar leiðir færar til að draga úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem leiða af lagaumhverfi sjávarútvegs á Íslandi og fjallað var um hér að framan. Þegar lausn vandans er valin er þó mikilvægt að hafa samkeppnishæfni íslenskrar útgerðar og fiskvinnslu á alþjóðlegum mörkuðum í huga. Eins og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2012, Kvörtun Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda vegna lóðrétt samþættrar útgerðar, standa rök til þess að lóðrétt samþættrar útgerðir fái að starfa í óbreyttri mynd, m.a. vegna mikilvægis samþættingar vegna geymslutíma og eiginleika vörunnar, markaðssetningar og öflunar hráefnis til að uppfylla langtímasamninga. Þess vegna er ekki skynsamlegt að gera kröfu um að allur fiskur sé fluttur á fiskmarkaði áður en hann fer til frekari vinnslu. Hins vegar geta

úrbætur á lagaumhverfinu bætt stöðu fiskvinnslu án útgerðar.

Í fyrsta lagi væri unnt að beita sérstökum milliverðlagningarreglum (armslengdarsjónarmið) til að koma í veg fyrir framangreind vandamál. Milliverðlagningarreglur hafa það að markmiði, í þessu tilviki, að verðlagning í innri viðskiptum á milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta lóðrétt samþættrar útgerðar verði eins og um viðskipti milli tveggja óskyldra aðila sé að ræða, sbr. umfjöllun um frumvarp til laga um veiðigjöld hér að ofan. Með því að beita þessum aðferðum við útreikning hafnargjalda og mögulega útreikning á launum sjómanna myndi draga úr aðstöðumun fiskvinnslu án útgerðar, gagnvart fiskvinnslu sem einnig starfrækir útgerð, til að verða sér út um hráefni vegna herra verðs á fiskmörkuðum sem kvartað var yfir í erindi SFÚ frá 25. maí 2011. Hér ber þó að hafa í huga að málefnalegar ástæður geta verið fyrir því að verð í innri viðskiptum samþættrar útgerðar sé lægra en almennt verð á fiskmörkuðum, m.a. vegna þess að innri viðskipti á milli fiskvinnslu- og útgerðarluta lóðrétt samþættrar útgerðar byggjast á föstu samnings sambandi. Með milliverðlagningarreglum vegna innri viðskipta samþættrar útgerðar og fiskvinnslu verður samkeppnisstaða útgerðar án fiskvinnslu og fiskvinnslu án útgerðar gagnvart samþættri útgerð lóðrétt að því marki sem hagræðing af innri viðskiptum réttlæti ekki lægra verð í slíkum viðskiptum.

Í öðru lagi væri til bóta að hafnir miðuðu gjaldtöku sína við það umstang sem fylgir því að þjónusta viðkomandi skip. Ólíklegt er að einhver eðlismunur sé á því fyrir hafnaryfirvöld að þjónusta skip, hvort sem aflinn fer til fiskvinnslu í eigu útgerðarinnar, eða annars aðila. Í þessu sambandi er unnt að vísa til 1. mgr. fjórða flokks 11. gr. gjaldskrár

Framhald á næstu síðu

TILMÆLI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA - KAFLI V Í ÁLITI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS NR. 2/2012 - FRH. AF BLS. 6

hafnarsjóðs Vesturbyggðar nr.
523/2011:

„Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af ferskum sjávarafurðum reiknast af ætluðu aflaverðmæti þvers mánaðar. Ætlað aflaverðmæti miðast við meðalverð þværrar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Viðmiðunin er bundin meðaltali annars til sjöunda mánaðar frá aflamánuði. Sé ekki til meðaltalsverð yfir sjávarafla skal áætlað söluverð hans reiknað út frá þorskígildisblutfalli viðkomandi tegundar samkvæmt viðmiðun Fiskistofu.“

Með því að miða við verð auglýst af Verðlagsstofu skiptaverðs eins og hér er gert, eða annan hlutlægan mælikvarða, er unnt að koma í veg fyrir að mishá hafnargjöld séu lögð á útgerð sem einnig stundar vinnslu sjávarafla og útgerð sem ekki starfrækir fiskvinnslu.⁸

Í þriðja lagi vill Samkeppniseftirlitið benda ráðherra á að það fyrirkomulag laga um Verðlagsstofu skiptaverðs, sem fjallað var um hér að framan, að hagsmunasamtök útvegsmanna sem eru keppinautar, ræði um og ákveði verð sem síðan er notast við í innri viðskiptum útgerða er óheppilegt í samkeppnislegu tilliti. Ein megin forsenda þess að virk samkeppni geti verið fyrir hendi er að keppinautar taki sjálfstæðar ákvarðanir um verð, framleiðslu, og önnur mikilvæg viðskiptaleg málefni. Þessu sjálfstæði er ógnað ef lög leiða til þess að keppinautar hittist reglulega og skiptist á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni. Slíkt fyrirkomulag getur einnig haft í för með sér óheppileg smitáhrif sem felast í því að samstarfið getur náð til fleiri þátta en falla undir umrædd lög. Ljóst er hins vegar að samkeppnislög taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum, sbr. 2.

mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Einnig er ljóst að samningar um laun sjómanna, og framkvæmd þeirra, eru háðir sérkennum vegna hlutdeildar þeirra í verðmæti afla. Að mati Samkeppniseftirlitsins ætti að vera unnt að tryggja eðlilega framkvæmd á þessu sviði með aðferðum sem fela í sér minni hætti á samkeppnishömlum.

Til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af þessu fyrirkomulagi leiða væri eðlilegast að útvegsmenn kæmu ekki með beinum hætti af ákvörðun þessa verðs (verðlagsstofuverð). Möguleg lausn væri að efla starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs og gefa stofnuninni heimildir til að ákvarða viðmiðundarverð í beinum viðskiptum með fisk. Slík breyting, eða önnur sambærileg leið, myndi líklega hafa það í för með sér að verð í innri viðskiptum samþættra útgerða yrði líkara því verði sem annars myndi gilda í sambærilegum viðskiptum á milli tveggja ótengdra aðila.

Í fjórða lagi vill Samkeppniseftirlitið áráttu þau tilmæli sem beint var til þáverandi sjávarútvegsráðherra að unnt væri að auka samkeppni og nýliðun í greininni með því að auka heimildir til kvótaframsals, t.a.m. með því að aðilar sem ekki ættu fiskiskip gætu keypt, leigt og selt aflaheimildir.

Í frumvarpi að lögum um stjórn fiskveiða sem lá fyrir en var ekki samþykkt á 140. löggjafarþingi var m.a. lögð sú áhersla að auka sveigjanleika í aflamarki með því að skipta aflahlutdeildum í tvo flokka þ.e. fyrir tímabundin nýtingarleyfi útgerða annars vegar og fyrir leigumarkað hins vegar. Í frumvarpinu var þannig opnað á þann möguleika að veita nýliðum leyfi með því að ráðstafa tilteknu magni aflahlutdeilda sem ríkið hefur yfir að ráða á leigumarkað. Slíkt fyrirkomulag ætti að veita aðilum án kvóta aukið tækifæri til þess að hefja

útgerð hér á landi og um leið veita þeim sem fyrir eru aukið samkeppnislegt aðhald. Telur Samkeppniseftirlitið fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu auka sveigjanleikann í aflamarkskerfinu og þær séu þar af leiðandi samkeppnishvetjandi.

Þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar vilja samkeppnisyrðingir ítreka afstöðu sína úr fyrri álitum. Það að veita lagaheimild til að leigja og kaupa kvóta, án þess að þurfa jafnframt að festa kaup á fiskiskipi, myndi auka möguleika fiskvinnslu án útgerðar til þess að afla hráefnis. Með slíkri heimild myndi aðstaða fiskvinnslu án útgerðar til að afla sér hráefnis gagnvart lóðrétt samþættri útgerð jafnast að töluverðu leyti. Slík breyting gæti eftt samkeppni á fiskvinnslumarkaði, auk þess sem hún myndi auðvelda nýjum aðilum aðgang að fiskvinnslumarkaði, sbr. álit samkeppnisráðs nr. 2/2000 Erindi Gunnólfs ehf. um samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu í landi.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til c. liðar 1. mgr. 8. gr. og 18. gr. samkeppnislaga beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, að hann beiti sér fyrir því að komið verði í veg fyrir þær samkeppnishindranir sem leiða af þeim lögum og þeirri framkvæmd sem fjallað hefur verið um hér að framan. Skal það gert með lagasetningu og/eða öðrum aðgerðum sem tryggja að samkeppni skerðist ekki að óþörfu á þessu sviði, en eins og kom fram hér að ofan er mikilvægt sú leið sé valin við lagasetningu sem hefur minnst skaðleg áhrif á samkeppni þegar samkeppnishindranir leiða óhjákvæmilega af lögum.

Samkeppniseftirlitið
Páll Gunnar Pálsson

NEYTENDASAMTÖKIN: MARKAÐSVERÐ Á ALLAN FISK!



Stjórn Neytendasamtakanna hefur samþykkt ályktun sem skorar m.a. á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að tvöföld verðmyndun í sjávarútvegi verði afnumin og tryggð verði virk verðsamkeppni í greininni íslenskum neytendum til hagsbóta. Vísar stjórnin m.a. til álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012, sem var gefið út í kjölfar kæru SFÚ.

Það er sérstakt fagnaðarefni að Neytendasamtökin skuli með svo skýrum hætti leggja á sveif með sjónarmiðum SFÚ í þessu mikilvæga baráttumáli. Hagsmunir sjálfstæðra framleiðenda og neytenda fara svo sannarlega saman, og vitanlega eiga íslenskir neytendur að hafa aðgang að hollri fæðu á hagstæðu verði.

Ályktunin hljóðar svo:

Lítið og ótraust framboð á fiski inn á íslenska fiskmarkaði leiðir til þess að verð á mörkuðum er of hátt. Þegar borið er saman skiptaverð verðlagsstofu, sem notað er í beinum viðskiptum með fisk þar sem útgerð og fiskvinnsla er á sömu hendi kemur í ljós mikill munur á skiptaverði verðlagsstofu og þess verðs sem myndast á fiskmörkuðum. Munar þar gjarnan tugum prósentu sem markaðsverðið er herra.

Þorri þess fiskjar sem seldur er til neytenda í fiskbúðum og öðrum matvöruverslunum er keyptur í gegnum fiskmarkaði á markaðsverði. Þannig leiðir lítið framboð á mörkuðum og hátt markaðsverð til herra vöruverðs til íslenskra neytenda. Það er því brýnt hagsmunamál neytenda að samkeppni í sjávarútvegi sé virk og leiði til eðlilegrar verðmyndunar á markaði.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar

voru ríflega 7300 tonn af sjávarfangi seld til neyslu innanlands árið 2012. Ekki er óvarlegt að reikna með að smásöluverð nemi að lágmarki 10 milljörðum króna á ári. Þegar horft er til þess að tvöföld verðlagning í sjávarútvegi og lítið framboð á mörkuðum leiðir til að munur á skiptaverði verðlagsstofu og markaðsverði eru tugir prósentu, er ljóst að þetta kostar íslenska neytendur 1 til 2 milljarða á ári.

Óeðlilega hátt verð á fiskmörkuðum hefur sömu áhrif og verndartollar á innfluttar matvörur og veldur hækkan á öðrum tegundum matvæla og því er tjón neytenda enn meira en sem nemur þeim 1 til 2 milljörðum sem of hátt fiskmarkaðsverð kostar þá. Þá er ótalið að of hátt fiskverð hefur bein áhrif á vísitölu neysluverðs, sem er grunnur verðtryggingar á verðtryggðum lánnum íslenskra neytenda. Þannig veldur óeðlileg verðmyndun í sjávarútvegi því að verðtryggð lán hækka meira en ella.

Íslenskt sjávarfang er einhver hollasta fæða sem völ er á og stjórn Neytendasamtakanna telur það vera skyldu íslenskra stjórnvalda að sjá til þess að markaður með sjávarfang tryggi íslenskum neytendum svo lágt verð á sjávarfangum, sem kostur er á, og þess sé í öllu falli gætt að fiskur til íslenskra neytenda sé ekki verðlagður herra en fiskur til útflutnings vegna skakkrar samkeppnisstöðu hér á landi.

Í álitinu sínu nr. 2/2012 í nóvember 2012 beindi Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að hann beiti sér fyrir því að lagfæra samkeppnishindranir sem leiða af lagaumhverfi sjávarútvegs, en aðal orsök þessara hindrana eru mikill aðstöðumunur lóðrétt samþættum útgerðarfélögum í hag. Með lóðréttu samþættingu er vísað til fyrirtækja sem stunda bæði útgerð og fiskvinnslu. Samkvæmt Samkeppniseftirlitinu hvetja núgildandi reglur samþætt útgerðarfyrirtæki til að hafa verð sem lægst á þeim afla sem seldur er til eigin fiskvinnslu. Í álitinu eru nefndar nokkrar leiðir að þessu marki.

Ein þeirra er að beita sérstökum milliverðlagningarreglum sem tryggi að verðlagning í innri viðskiptum milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta lóðrétt samþættar útgerðar verði eins og um viðskipti milli tveggja óskyldra aðila sé að ræða. Markvissasta leiðin að þessu marki er að setja reglur sem tryggja að öll

viðskipti með sjávarafli verði á markaðsverði. Slíkt myndi tryggja auknið framboð á mörkuðum og lægra verð til neytenda.

Önnur leið, sem bent er á, er að reglum verði breytt á þann veg að útgerðarmenn komi ekki með beinum hætti að ákvörðun svokallaðs Verðlagsstofuverðs, sem útgerðir nota í innri viðskiptum milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta fyrirtækja sinna.

Stjórn Neytendasamtakanna skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að tvöföld verðmyndun í sjávarútvegi verði afnumin og tryggð verði að virk verðsamkeppni ríki á fiskmörkuðum neytendum til hagsbóta.

Höfundar efnis

JÓN STEINN ELÍASSON



Formaður SFÚ og forstjóri Toppfisks.

ÁRNI BJARNASON



Formaður farmanna og fiskimannasambands Íslands

HÓLMGEIR JÓNSSON



Framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands

BJÖRG ÁSTA ÞÓRÐARDÓTTIR



Lögfræðingur hjá Félagi atvinnurekenda

ALBERT SVAVARSSON



Stjórnarmaður í SFÚ og forstjóri Ísfisks.